Fimmtudaginn 9. mars 1995.

Nr. 151/1994. **Fiskanes hf.**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
þrotabúi Skipasmiðjunnar Harðar hf.
(Kristján Stefánsson hrl.)

Mál fellt niður. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. mars 1994. Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð tilkynning til Hlutafélagaskrár 21. desember 1990 um samruna Hraðfrystihúss Þórkötlustaða hf. og Fiskaness hf. undir nafni hins síðarnefnda.

Þegar mál þetta var tekið fyrir á dómþingi Hæstaréttar 9. febrúar 1995, var þess óskað af hálfu áfrýjanda, að það yrði fellt niður.

Af hálfu stefnda sótti dómþing Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmaður og samþykkti, að málið yrði fellt niður, en krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Hann kveðst hafa skýrt frá því við þingfestingu málsins 2. maí 1994, að hann hafi fengið hinn áfrýjaða dóm framseldan. Hann styður kröfu sína um málskostnað þeim rökum, að máli þessu hafi áður verið áfrýjað á árinu 1992, en þá verið fellt niður án kostnaðar að beiðni áfrýjanda 2. mars 1994. Ágripi og greinargerðum hafi verið skilað í því máli. Engin gögn hafi hins vegar verið lögð fram í þessu máli. Með ítrekaðri áfrýjun málsins hafi áfrýjandi aðeins verið að tefja framgang og fullnustu dóms og með því valdið stefnda fjártjóni. Þá krefst hann þess, að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið mið af hagsmunum í málinu, og vísar til 1., 2. og 3. tl. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafist, að mál þetta verði fellt niður án kostnaðar milli aðila málsins, en að Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmaður verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað að mati réttarins. Kröfur sínar styður hann því, að áfrýjandi eigi kröfu á hendur stefnda samkvæmt gerðardómi, en Kristján Stefánsson hafi margsinnis komið í veg fyrir, að sú krafa yrði notuð til skuldajafnaðar við kröfu stefnda samkvæmt hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt framansögðu ber að fella mál þetta niður. Áfrýjanda var ekki kunnugt um, að Kristján Stefánsson hefði fengið dóminn framseldan, þegar hann áfrýjaði málinu, og skrifaði bústjóri þrotabúsins upp á stefnuna um birtingu. Samkvæmt þessum atvikum þykir ekki ástæða til að dæma málskostnað í málinu.

Dómsorð:

Mál þetta fellur niður án kostnaðar.